# Útskriftir úr virðingabókum brunabóta 1880-1899

Aðfnr. 1497, örk 1

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Húsavirdingar

1880. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð læt eg eigi hjálíða að tilkynna yður herra bæjarfógeti að það sem seinast liðið haust var ábóta vant við skorsteina og ofna hjá Bjarna í Bræðraborg hefur hann forsvaranlega endurbætt, V Breiðfjörð hefur sömuleiðis hækkað reykháf og þétt hann (spækled ud) og tekið niður maskinu á einum stað en ekki sett neina uppi aptr, er alt í góðu standi hjá honum, hjá Bjarna Sigurðssyni vantaði þynnu fyrir framan ofn sem hann nú hefur sett. Álít jeg alt vel tryggt gegn eldsvoða hjá þessum mönnum

Reykjavík 17. sept 1881

G Zoëga
(settur)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

úr

virðingarbók Reykjavíkurkaupstaðar, til brunabóta.

Ár 1880 hinn 21. Október var samkvæmt beiðni nokkurra manna hér í bænum, tekin fyrir virðing á húsum þeirra. Að virðingunni unnu hinir reglulegu virðingarmenn, Helgi snikkari Helgason og Björn steinsmiður Guðmundarson.

Ingólfsstræti, bæjarfógeti E. Th. Jónassen og Magnús yfirdómari Stephensen: Hús þetta er með sama ummáli sem tekið er fram í virðingargjörð af 12. júlí þ.á., klætt á tvo vegu með skífu, vesturhlið og norðurgafl þess er klætt með ~~skífu~~ borðum; það er að öllu fullgjört bæði utan og innan, og eru í því 24 herbergi . . . . 22,000 kr.

Samþ. +

Hlíðarhúsalóð, Stefán Stefánsson hefir byggt bæ, á lengd 9½ al., breidd 8 al., hæð uppí mæni 5 al., steinveggir lagðir í kalk; torfþak á súð, í bænum er eitt herbergi fullgjört með kjallara undir . . . . 500 kr.

Arnarhólslóð, Benidikt Jónsson hefir byggt bæ á lengd 8½ al., breidd 6 al., hæð uppí mæni 4½ al., stein

Samþ. +

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veggir kalkaðir, torfþak í suður; í bænum er eitt herbergi með kjallara undir, auk eldhúss. . . . — 300 Kr.

O. Finsen. Helgi Helgason Björn Guðmundsson

Útskriptin er rétt

O. Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með því ekkert

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18/11

# Útskript

úr

virðingarbók Reykjavíkur kaupstaðar til brunabóta.

* * *

Ár 1880 hinn 15. Nóvember var samkvæmt beiðni landshöfðingjans yfir Íslandi, tekin fyrir virðing á hinu svokallaða alþingishúsi, er í sumar hefir verið byggt á Austurvelli. Að virðingunni unnu hinir reglulegu virðingarmenn Björn steinsmiður Guðmundarson og Helgi snikkari Helgason.

Austurvöllur: Alþingishúsið, er byggt úr ísl. grásteini, að nokkru leyti höggnum, tigulmynduðu og í reglulegum lögum, að miklu leyti þrílagstað, og eru bitarnir í efri og neðri Etagen mestpart úr járni. Efsta bjálkalagið er allt úr tré. × Húsið er á lengd 43 3/4 al., breidd 26 ál. hæð undir þakbrún 16 1/2 al.; helluþak á rimlum lögðum á þlægta súð. Öll skilrúm eru ýmist úr grásteini eða Cementsteini (Béton), og er nú þegar hólfað sundur í 28 stærri og minni herbergi en með öllu eru þau óinnréttuð; allur frágangur hússins er mjög vandaður bæði að ofan og sniðum, og þó það hvorki að utan né innan sé fullgjört virðist sanngjarnt mat . . . . . 55,000 kr.

Sama ár og dag voru af hinum sömu virðingarmönnum virt þessi hús

Grímsstaðir: Jón Erlendsson hefir byggt steinhús úr ísl. grjóti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á lengd 10 ál. breidd 7½ ál. hæð 5 ál. suðurgaflinum úr bindingi; járnþak á ruinum. Undir húsinu er kjallari og er eldhúsið í honum; þrjú herbergi eru þegar að mestu fullsmíðuð. Hús þetta, sem hvorki að utan né innan er fullgjört, var virt á . . . . . . . . . 1,200 kr

Ingólfsstræti, bæjarfógeti E. Th. Jónassen og yfirdómari Magnús Stephensen, hafa við húseign sína No 172 látið byggja geymsluhús úr bindingi, að nokkru leyti múruðum, á norðurhliðinni er hellu þak í plægðum borðum, ~~að~~ á suðurhliðinni er járnþak sömul. í plægðum borðum. Hús þetta er á lengd 14 ál. breidd 10 ál. hæð 4½ ál. í því er loft, og gólf sumstaðar og eru þar auk fjóss ýmisleg geymsluherbergi . . . . . . . . . 1,500 kr

O. Finsen. Helgi Helgason. Björn Guðmundsson

Útskriptin er rétt

O. Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript

úr

virðingarbók Reykjavíkurkaupstaðar, til brunabóta

Ár 1880 hinn 13. Október, var eptir beiðni Guðmundar tómthúsmanns Jónssonar tekin fyrir virðing á bæ, er hann hefr er hann hefr byggt fyrir sunnan Brekku á Selstöð. Að virðingunni unnu hinir nýkosnu virðingarmenn Helgi snikkari Helgason, og Björn múrari Guðmundsson.

Selstöð. Guðmundur Jónsson hefr byggt bæ í lengd 12½ al. á breidd 7½ al. hæð uppí mæni 6½ al, úr grjóti lagt í kalk, torfþak á súð. Í bænum er þiljað eitt herbergi. Virðing 501 Kr.

O. Finsen. Helgi Helgason. Björn Guðmundsson

Útskriptin er rétt

O. Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1/10

# Útskript

úr

virðingarbók Reykjavíkurkaupstaðar, til brunabóta.

Ár 1880 hinn 29. September, var tekin fyrir virðing á nokkrum húsum, er sumpart hafa verið smíðuð að nýju, eða þá endurbætt. Að virðingunni unnu hinir reglulegu virðingarmenn, Helgi snikkari Helgason og Björn múrari Guðmundarson. –

Læknisgata. Bjarni verzlunarmaðr Sigurðarson hefr látið breyta húsi sínu a. № 76, talsvert að herbergjaskipun og endurbætt það að mörgu leyti, eru nú í því 5 herbergi auk eldhúss og búrs, áðr virt: 1,800 kr. en nú . . . . . . . . . . . . . 2.450 kr.

b. Geymsluhús fyrir sunnan íbúðarhúsið, úr óumúruðum bindingi, á lengd 5 al. á breidd 4½ al., hæð 4½ al. hálfþaksrisi með helluþakki . . . . . . . 100 kr.

2,550 kr.

+Ullarhúsastígur, Þórðr Zoëga hefr látið byggja

íverúhús, á lengd 14 ál. á breidd 10 ál. hæð undir
þakbrún 4¼ al. úr hraunsteinsmúrudum bind-
ingi; járnþak á plægðum borðum, klætt á
tvo vegu með timbri, óklætt á tvo vegu í því
eru 5 herbergi fullgjör auk eldhúss og búrs;
undir öllu húsinu er kjallari en óinnrétt-
að. . . . . . . . . . . . . . 3,000 kr.

Selsbúð. Bjarni og Sigurður Sigurðarsynir hafa
byggt hús úr steini lögðum í kalk, eitt loptstað
með kjallara og eru í honum 2 eldhús, en að
öðru leyti er hann óinnréttaður. Húsið er á
lengd 14 ál. breidd 11 ál. hæð undir þakbrún 7¼ al.
í því eru 8 herbergi innréttuð auk kjallara-
herbergjanna, járnþak á súð . . . . . . . 5,500 kr.

Þingholt. Sakarías Arnason hefir byggt steinhús
á lengd 12 ál. á breidd 10 ál. hæð undir þak-
brún 5½ al. helluþak á plægðum borðum, óinn-
réttað að öllu leyti nema hvað búið er að
leggja í það lopt. . . . . . . . . . 1,200 kr.

O. Finsen. Helgi Helgason. Björn Guðmundsson

+ + +

Að útskriptin sé rétt vottar ——

O Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1

# Útskrift

úr

virðingarbók Reykjavíkurkaupstaðar, til brunabóta

\# \# \#

Ár 1880 hinn 15. September, var samkvæmt beiðni nokkurra manna tekin fyrir virðing á húsum þeirra, hús þessi eru sumpart byggð að nýju og sumpart endurbætt. Að virðingunni unnu hinir reglulegu virðingarmenn, Björn steinsmiðr Guðmundarson og Helgi trésmiðr Helgason. —

Vegamótabrú, Lúðvík Alexíusarson hefr hjá húseign sinni No 153 byggt steinhús, á lengd 11 ál, á breidd 8½ al, hæð undir þakbrún 4¾ al. allt úr holtagrjóti lagt í kalk; járnþak á rimlum, húsið sem ætlað er fyrir fjós og geymsluhús er með öllu óinnréttað . . . . . . . . . . . . . . . . . 1,101 Kr.

Aðalstræti, snikkari V. O. Breiðfjörð hefr byggt afaná húseign sína No 116, með sama ummáli sem hið gamla hús, og er hæð hússins nú 8 al. frá jörðu undir þakbrún, allt húsið með bindingi múruðum úr hraungrjóti; járnþak á plægðum borðum, klætt á tvo vegu með járni, vesturhlið hússins er sumpart klædd með járni, sumpart með borðum, norðurgafl hússins er óklæddur. Í húsinu eru 11 herbergi innrétttuð og í norðrendanum er sölubúð, þessutan er eldhús uppi og niðri . . . . . . . . . . . . . . 7,002 Kr.

Útúr vesturhlið hússins er byggt ~~gangr~~

(margin:) Brunt ✕

Afgr. 549. – 80.

Flyt: 7002 Kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

flutt: 7,002 kr.

geymsluhús, á lengd 12 ál, á breidd 9¼ al, hæð undir þakbrún 4½ al. allt úr bindingi múruðum með hraungrjóti, húsinu niðri er skipt í tvent að endilöngu, uppi á loptinu eru 2 herbergi innrjettuð og 2 geymsluherbergi; á norðurhlið þess er skífuþak en á suðurhliðinni járnþak og undir það lögð gömul borð . . . . . . . . . . . . 1,101 kr.

Ⅎ 8,103 kr.

Hlíðarhúsastígur. Sigurður smiður Jónsson hefir við húseign sína No. 135 látið byggja viðauka austur úr gaflinum 2½ al. á lengd, sama breidd sem á húsinu með lægra risi en sama veggjahæð; járnþak á ritum. Viðaukinn er úr múraðum bindingi og notaður fyrir smiðju . . . . . . . . 126 kr.

Melkotslóð. Magnús Einarsson hefir látið byggja geymsluhús, á lengd 7 ál, á breidd 6 ál, hæð undir þakbrún 4 ál, allt úr ómúruðum bindingi; járnþak á ritum . . . . . . . . . . . . 280 kr.

Austurvöllur. Jakob snikkari Sveinsson hefir byggt geymslu og grísahús á lengd 19 ál. á breidd 5½ al. hæð undir þak 4 ál, með lágu risi, allt úr bindingi, og er hinn minni partur hússins múraður með múrsteini, járnþak á ritunum — — — — — — — — — — 450 kr.

O. Finsen, Helgi Helgason. Björn Guðmundsson

Að aflokinni framanskrifaðri virðingargjörðum, var sama ár og dag tekin fyrir virðing

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á húsi Bjarnar steinsmiðs Guðmundarsonar, № 24 í Ingólfsbrekku, en þar sem eigandi hússins er annar af þeim virðingarmönnum, er tilkvaddir hafa verið af bæjarstjórninni fyrir yfirstandi ár, var í hans stað útnefndur Einar snikkari Jónsson, til þess ásamt með hinum reglulega virðingarmanni Helga snikkara Helgasyni, að virða húseign þessa.

Ingólfsbrekka. × Björn steinsmiðr Guðmundarson hefir látið bæta hús sitt að mörgu leiti, einkanlega að því, að í því hefir verið múraður nýr skorsteinn og settir nýir ofnar, tvöfalt lagt m. m. húsið var áður virt á 2,001 kr. nú - - - - - - - 2,700 kr.

Húsið b. hefir einnig verið endurbætt, áðr virt á 240 kr. nú - - - - - - - - - - 252 kr.

Geymsluhúsið c. óbreytt - - - - - - - - 21.

d. Byggt nýtt hús úr holtagrjóti, lagt í kalk, á lengd 10 ál. á breidd 8½ al. á veggjahæð 4¾ al., með járnþaki í ~~ ~~ rimlum. Húsið er ætlað fyrir geymslu- grjótahús - - - - - - - - - - - - 1050 kr.

$ 4,023 kr.

O. Finsen. Einar Jónsson. Helgi Helgason.

Að útskriftin sé rétt vottar.

O Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur